# Bjarni Benediktsson til Tómas Jónssonar, stjórnar byggingasjóðs verkamanna og ríkisstjóra o.fl

Bjarni Benediktsson – Bjarni Benediktsson til Tómas Jónssonar, stjórnar byggingasjóðs verkamanna og ríkisstjóra o.fl

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reykjavík, 24. des. 1941.

Kæri Tómas,

Ég sendi þér hér með bréf til svars Langvad og skal ekki neita , að tónninn hjá honum - og þeim - fer nokkuð í taugarnar á mér.

Annars þakka ég þér bréf og dagbókarblöð. Ég og við hér erum mjög ánægðir með ykkar frammistöðu. Eins og ég símaði þér, þá reyndu Alþýðuflokksmenn að vekja nokkra tortryggni út af því, að einungis væri samið við United Stael, en svar þitt við því var alveg fullnægjandi.

Samningar hér við ríkisstjórn og banka hafa gengið sæmilega. Ríkisstjórnin hefir verið mjög velviljuð í þessu, viss öfl í bankaráði e.t.v. öllu gagnrýnisfyllri, en alt þó í hófi.

Ath. þarf þetta, sem ég segi í öðru bréfi, að við þurfum á allan hátt að greiða fyrir innanhússbreytingum, og er e.t.v. rétt að bærinn hafi í því alla milligöngu. Svo hefir m.a.s. e.t.v. ætáð verið ráðgert. Um það veit Valgeir. En ábendingin getur ekki skaðað.

Að öðru leyti gengur hér alt skaplega.

Ég bið kærlega að heilsa öllum sendimönnunum og óska ykkur góðs nýárs og þakka fyrir hið gamla.

Vinsamlegast

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirritaðir endurskoðendur Byggingarsjóðs verkamanna, sem nú höfum nýlega lokið endurskoðun reikninga Reykjavíkurdeildar sjóðsins fyrir árin 1938, 1939,og 1940, viljum enn á ný vekja athygli sjóðsstjórnar á því, að enn hafa okkur aldrei borist til endurskoðunar reikningar einnar einustu deildar utan Reykjavíkur. Verður eigi lengur við það unað og væntum við því fullkominna reikningsskila fyrir þessar deildir hið bráðasta.

Reykjavík, 23. júlí 1941,

Til

stjórnar byggingarsjóðs verkamanna.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég leyfi mér hérmeð allravirðingarfyllst að beiðast lausnar frá embætti mínu sem prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands.

Reykjavík, 17. október 1941.

Allravirðingarfyllst

Til

ríkisstjóra.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 24. október 1941.

F.A.Andersen,
Reynimel 49,
Reykjavík.

Háttvirti herra,

Þér hafið skýrt mér svo frá, að ummæli mín á fundi fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík 26. sept. s.l. til svars áádeilum á einstaka bæjarfulltrúa út af veitingu endurskoðanda starfs í þágu Reykjavíkurbæjar hafi af sumum verið skilin svo, að ég hafi vænt yður um, að hafa framið eitthvað óheiðarlegt í starfi yðar, og væru því löguð til að skaða yður.

Af þessu tilefni er mér ánægja í að tjá yður, að mér hefir aldrei flogið í hug að bera yður á brýn óheiðarleika né að gera lítið úr kunnáttu yðar í starfi yðar. Þeir, sem gagnstæðan skilning hafa lagt í orð mín, hafa því misskilið þau.

Virðingarfylst,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Breytingar

Fullveldisv. stórþ. eigin málum,
Fjármál ríkis, bæja og atv. a.m.
ge.. til sjávar í góðu horfi.
~~Sjálfst~~ Sjálfstm.: stjórn, frá fyrri ofsókn
og algeru litilsv. Mönnum betur veitt í f. atv.
Á þessum dengaga hl. Sjálfstm.
Verið í landinu
Fjárhagsblöðum að verul. að
völdum ófriðar og hernáms
Sjálfstm. einungis í stjórn
með öðrum. Mönnum finnst
oft litlu komið til leiðar
Dýrtíðarmál aukist. Þing
hagst áfram.
Þetta kemur m.a. af auknum
áhrifum Sjálfstm.
Nú þarf sama. í stað valdboðs
áður.
Með þessu engin fullnaðarlausn
fengin, heldur fæst ein með
Sj. sigri Sjálfstm.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur